



Fundargerð 17. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 02. desember 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Páll Jónsson (PJ), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Linda Karlsdóttir (LK)

Mættir varamenn:

Fjarverandi:, Andri Már Sveinsson (AMS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ari Halldór Hjaltason (AHH)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

HKS/ BH ritaði fundargerð

1. Staðfesta keppnisgreinareglur

Keppnisráð fyrir hermiakstur hefur gefið út nýjar reglur fyrir árið 2026 sem staðfestar hafa verið af Regluráði.

Stjórn staðfestir þessar keppnisgreinarreglur og hafa þær nú þegar verið birtar á vef sambandsins.

2. Formannfundur ÍSÍ

Jón Þór segir frá formannafundi sem hann sat í lok nóvember. Þar var unnið að stefnumótun sem ÍSÍ mun leggja fram á Íþróttapeingi 2027.

3. Fjármál

Drög að ársreikning voru lögð fram. Þau byggja á stöðu bókhaldsins eins og það stendur í dag. Stjórn fór yfir helstu töluliði og skýringar. Ekki voru gerðar athugasemdir við drögin.

4. Dagsetningar fyrir næstu stóru fundi

Stjórn ákveður að ársþing 2026 verði haldið laugardaginn 14. mars 2026.

Stjórn ákveður að stefna að því að formannafundur og lokahóf verði ekki sama dag árið 2026.

5. Fundir stjórnar á næstu vikum

Stjórn ákveður að næsti fundur stjórnar verði vinnufundur laugardaginn 10. janúar. Þar verður unnið að málum sem verða að vera klár fyrir Ársþing 2026.



6. Önnur mál

- Formaður fór á fund efnahags- og viðskiptanefndar vegna fyrirhugaðra breytinga á vörugjöldum af keppnistæknum fyrir akstursíþróttir. Sjónarmiðum sambandsins var komið á framfæri við nefndarmenn og spurningum þeirra svarað.

Til kynningar:

Frá starfsmanni:

- Sent var út þakkarbréf frá formanni til alla þeirra sem voru skráðir sem starfsmenn í móttakerfinu ásamt til þeirra sem hafa verið að starfa í keppnisráðum þetta árið.
- Búið er að senda til þeirra sem störfuðu sem formenn dómnefnda síðasta keppnistímabilið og óskað eftir hvort þeir hafi tök á að starfa á næsta ári.
- Eldhugi ársins - síðasti dagur til að senda inn tilnefningar um sjálfboðaliða ársins er 5 desember. Hægt er að senda tilnefningar á heimasíðu ÍSÍ. Krýndur verður Eldhugi ársins á hófi ÍSÍ sem verður í lok ársins.

Næsti stjórnarfundur verður 10. janúar 2026.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 20:53.